



22 AUG 2018

Bréfalykill: \_\_\_\_\_

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ


Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is


Reykjavík 20. ágúst 2018  
Tilv.: SRN18080036/4.13.2

Ráðuneytinu barst 17. ágúst sl. hjálögð kvörtun Sveins Óskars Sigurðssonar bæjarfulltrúa vegna afgreiðslu bæjarráðs Mosfellsbæjar á ráðningarsamningi bæjarstjóra. Telur kvartandi að samningurinn, sem bæjarráð samþykkti á fundi sínum 16. þ.m., fari gegn ákvæði 4. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sbr. einnig 4. mgr. 24. gr. samþykktar um stjórn Mosfellsbæjar, nr. 238/2014.

Áður en ráðuneytið tekur afstöðu til þess hvort málið gefi tilefni til athugunar þess á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga er óskað eftir umsögn bæjarstjórnar Mosfellsbæjar um málið. Er þess óskað að hún berist ráðuneytinu eigi síðar en föstudaginn 7. september nk.

Fyrir hönd ráðherra

  
Hermann Sæmundsson

  
Ólafur Kr. Hjörleifsson



**Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið**  
b/t Ólafs Hjörleifssonar, lögfræðings  
Sölvhólsgötu 7,  
101 Reykjavík

**Varðar:** Kvörtun vegna afgreiðslu meirihluta bæjarráðs á ráðningasamningi og ráðningu bærstjóra

---

Sæll Ólafur

Á bæjarráðsfundi Mosfellsbæjar nr. 1362, sem haldinn var gærmorgun 16. ágúst 2018, afgreiddi meirihluti bæjarráðs og fulltrúar D-lista drög að ráðningasamningi við væntanlegan framkvæmdastjóra, þ.e. bærstjóra. Þar var jafnframt gerð eftirfarandi samþykkt „að allar þóknanir Mosfellsbæjar til bærstjóra innifaldar í launum hans fyrir starf bærstjóra“. Í fundargerð fundarins segir hvað þetta varðar:

**Samþykkt með 2 atkvæðum 1362 fundar bæjarráðs að við gjaldskrá um Launakjör í nefndum og ráðum Mosfellsbæjar bætist nýr liður aftast sem hljóði svo: Til bráðabirgða: Til 1. Júní 2022 eru allar þóknanir Mosfellsbæjar til bærstjóra innifaldar í launum hans fyrir starf bærstjóra. Fulltrúi M lista situr hjá.**

Sé litið til 4. mgr. 32. gr. í IV. kafla um réttindi og skyldur sveitastjórnarmanna sbr. sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 má sjá eftirfarandi ákvæði:

**Sveitarstjórnarmaður má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.**

Í 1. gr. að drögum að ráðningasamningi við bærstjóra, sem bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkti í gærmorgun, segir orðrétt og með þeim ásláttarvillum sem í drögnum var að finna:

**Laun bærstjóra skulu vera skv. úrskurði Kjararáðs um laun ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins sem er launatafla kjararáðs nr. 502, launaflokkur 146. Að auki skal greiða honum 50 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir skv. úrskurði Kjararáðs um sama starfsheiti. Eining er 1% af launaflokki 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar. Um starfskjör bærstjóra fer að öðru leyti eftir reglum Kjararáðs um almenn starfskjör t.d. hvað varðar greiðslur í orlofssjóð, fjölskyldu og styrktarsjóð og starfsmenntunarsjóð. Bærstjóri fær ekki greidd laun sem kjörinn fulltrúi í nefndum, ráðum eða stjórnnum Mosfellsbæjar.**

Sé litið á málið í heild sinni fæst ekki séð að bæjarráð hafi farið að ákvæðum sveitastjórnalaga sbr. það sem að framan greinir. Óskað er eftir að ráðuneytið úrskurði um lögmæti þessa ráðningasamnings og lögmæti afgreiðslu bæjarráðs á 1362. fundi þess í gærmorgun.

**Virðingarfyllst,**  
**Sveinn Óskar Sigurðsson**  
Fulltrúi Miðflokksins í bærstjórn og bæjarráði Mosfellsbæjar

## Ráðningarsamningur

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar ræður Harald Sverrisson, kt. 141261-7119 sem bæjarstjóra Mosfellsbæjar kjörtímabilið 2018 til 2022. Um verksvið bæjarstjóra fer eftir sveitarstjórnarlögum 138/2011 og þeim samþykktum sem bæjarstjórn setur um starfið. Að öðru leyti gilda eftirfarandi ákvæði um ráðningu þessa:

### 1. gr.

Laun bæjarstjóra skulu vera skv. úrskurði Kjarráðs um laun ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis sem er launatafla kjararáðs nr. 502, launaflokkur 146. Að auki skal greiða honum 50 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir skv. úrskurði Kjarráðs um sama starfsheiti. Eining er 1% af launaflokki 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar. Um starfskjör bæjarstjóra fer að öðru leyti eftri reglum Kjarráðs um almenn starfskjör t.d. hvað varðar greiðslur í orlofssjóð, fjölskyldu og styrktarsjóð og starfsmenntunarsjóð.

### 2. gr.

Vegna afnota af bifreið bæjarstjóra í þágu starfsins greiðast 1.200 km á mánuði samkvæmt ökutækjatta ríkisins eins og hann er á hverjum tíma.

### 3. gr.

Bæjarstjóri skal vera tryggður slysatryggingu, farangurstryggingu, líftryggingu og gegn tjóni á persónulegum munum skv. almennum skilmálum slíkra trygginga hjá tryggingafélagi Mosfellsbæjar og starfsmanna sem falla undir kjarasamning Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og Sambands íslenskra sveitarfélaga

### 4. gr.

Laun samkvæmt grein 1 hér að ofan skulu taka breytingum samkvæmt launavísitölu tvisvar á ári þann 1. júní og 1. desember.

### 5. gr.

Laun samkvæmt 1. Grein greiðast í 6 mánuði frá því að starfi líkur, Segi bæjarstjóri starfi sínu lausu á kjörtímabilinu greiðast þó einungis 3 mánuðir.

Mosfellsbær, 16. ágúst 2018

Fh. Bæjarráðs

---

Ásgeir Sveinsson  
formaður bæjarráðs

---

Haraldur Sverrisson  
bæjarstjóri